

## Fundur nr. 238

Ár 2023, föstudaginn 15. desember kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 9:30

Mætt:

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður  
Hildur Björnsdóttir (í fjarfundarbúnaði)  
Már Másson  
Ragnheiður H. Magnúsdóttir  
Guðmundur Ingbór Guðjónsson  
Helga Harðardóttir  
Páll Brynjarsson

Auk þeirra voru á fundinum Inga Rut Hjaltadóttir, sviðsstjóri framkvæmdasviðs og Gunnar Tryggvason, hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

### 1. Öryggi, heilsa og umhverfi

Mánaðarskýrsla öryggisstjóra lögð fram til kynningar og rædd.

- Ekkert fjarveruslys hefur orðið frá síðasta fundi.
- Þrjú skráð minniháttar umhverfisóhöpp hafa orðið frá síðasta fundi.

### 2. Mánaðaryfirlit hafnarstjóra

Lagt fram og kynnt af hafnarstjóra og rætt.

### 3. Innri endurskoðun

Viðar Kárason, verkefnastjóri og Ingunn Ólafsdóttir, fagstjóri innri endurskoðunar komu á fundinn ásamt Jóni Garðari Jörundssyni sviðsstjóra viðskiptasviðs Faxaflóahafna. Kynntu þau Viðar og Ingunn niðurstöður úttektar á tekjuferlum hjá Faxaflóahöfnum og svöruðu spurningum fundarmanna.

### 4. Stóriðjusamningarnir á Grundartanga

Jón Garðar Jörundsson sviðsstjóri viðskiptasviðs fór yfir minnisblað um stöðu samninga við stóriðjurnar á Grundartanga og svaraði spurningum fundarmanna.

### 5. HR Monitor

Ólafur Ólafsson mannauðsstjóri Faxaflóahafna kom á fundinn undir þessum lið og kynnti virkni HR-Monitor könnunar sem gerð er á meðal starfsmann ársfjórðungslega, og svaraði spurningum fundarmanna.

### 6. Útgjöld farþega skemmtiferðaskipa í Reykjavíkurhöfn

Sigurður Jökull Ólafsson, markaðsstjóri Faxaflóahafna kom á fundinn undir þessum lið og kynnti helstu niðurstöður rannsóknar sem rannsóknarmiðstöð ferðamála vann fyrir Faxaflóahafnir og Ferðamálastofu um eyðslu farþega skemmtiferðaskipa í höfnum Reykjavíkur og svaraði spurningum fundarmanna.

## 7. Forkaupsréttarmál

Hafnarstjóri kynnti að fallið hafi verið frá forkaupsrétti eftirfarandi fasteigna með venjulegum fyrirvara um að afnot lóða falli að gildandi deiliskipulagi og lóðarleigusamningum:

- a. Erindi ÞV1 ehf. um að fallið sé frá forkaupsrétti vegna sölu á eign að Köllunarklettsvegi 4, Reykjavík. Fasta nr. 201-5783 og 223-2370. Kaupandi Kaupfélag Skagfirðinga/óstofnaðs hlutafélags.
- b. Erindi GT 2 ehf. um að fallið sé frá forkaupsrétti vegna sölu á eign að Eyjarslóð 7, Reykjavík. Fasta nr. 223-5367 og 200-0092. Kaupandi Ágúst Guðmundsson.

## 8. Önnur mál

- Lagt var fram svar hafnarstjóra við bréfi framkvæmdastjóra Félags Atvinnurekanda um samkeppnismál í Sundahöfn.
- (ekki til birtingar) Starfsmenn véku af fundi og stjórn samþykkti eftirfarandi: „Lóa setur endanlega texta hér.“

Fundi slitið 12:00